

2. Fundur

Þriðjudaginn 11. apríl 2023 kom stjórn saman til fundar í fundarsal félaganna 3. hæð suður og hófst hann kl. 18:30.

Mættir voru: Agnes Reykdal, Bryndís Björk Barkardóttir, Claudia Lobindzus, Eiður Stefánsson, Halldór Óli Kjartansson, Hulda Björnsdóttir, Jón Grétar Rögnvaldsson, Stefanía Árdís Árnadóttir og Stefán Jónsson.

Formaður byrjaði á að bjóða nýjan stjórnarmann velkominn, Bryndísi Björk Barkardóttur.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá formanni.
Upplýsingar frá formanni um stöðuna innan ASÍ og framgang í kjaraviðræðum Samtaka atvinnulífsins.
2. Uppgjör á Gráhrauni 3.
Upplýsingar frá formanni um stöðuna í Gráhrauni.
Samþykkt var að reyna að ná fram samkomulagi um verðbætur.
3. Sumarhús á Spáni.
Samþykkt var að ganga til viðræðna við eigendur hússins um leigu árið 2024.
4. Fiskikvöld FVSA 26. janúar 2024.
Ákveðið var að færa fiskikvöldið framar.
5. Óvissuferð trúnaðarráðs.
Samþykkt var að gera eitthvað skemmtilegt með trúnaðarráði. Skrifstofu falið að skoða valmöguleika sem í boði eru.
6. Önnur mál.
 - a. Inneignarbréf Niceair.
Ákveðið var að klára þau inneignarbréf sem eru til og hætta svo sölu um óákveðinn tíma.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið.